

Fundur í svæðisráði suður, kl 15:00 föstudag 23. janúar 2015 í fundarsal Ráðhússins á Höfn.

Mættir: Reynir Arnarson, Guðrún Ingimundardóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Hildur Þórsdóttir, Björn Ingi Jónsson: Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri mætti einnig og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð. Karl Ingólfsson var í síma frá kl. 15:20.

1. Rekstraráætlun.

Þórður kynnti drög að rekstraráætlun. Niðurskurður blasir nú við Vatnajökulsþjóðgarði annað árið í röð en við reynum að gera það besta úr þessu. Þórður og Regína kynntu þær breytingar sem verða á starfsmannahaldi næsta ár, en fyrirhugað er að skipta starfseminni meira niður eftir einingum með því að aðskilja verslun og upplýsingagjöf og setja upp aðstöðu til móttöku tjaldgеста vestast á tjaldsvæðinu. Þá hefur Sigrún Sigurgeirsdóttir verið ráðin til starfa til eins árs til að sjá um utanumhald með rekstri verslunar og veitingasölu í Skaftafelli en hún mun einnig verða samræmingaraðili fyrir aðrar verslanir þjóðgarðsins. Slökkt var á fundarsímanum kl: 15:20 þar sem Karl var ekki kominn. Hann hringdi svo strax á eftir.

Björn Ingi segist gjarnan vilja sjá forsendur fyrir hin svæðin líka til að sjá skiptinguna á milli svæða. Þórður bendir á að stjórnin eigi eftir að fara yfir þetta en Vatnajökulsþjóðgarður sé ein stofnun og reynt sé að útdeila fjármunum eins réttlátlega og kostur er, en ekki hafi öll svæði tók á að afla sértekna eins og Skaftafell.

Björn Ingi ítrekar að hann vilji sjá samanburð milli svæða þegar er verið að fjalla um rekstraráætlun m.t.t. sértekna, ferðamannafjölda, starfsmannafjölda og fleira. Aðrir taka undir þetta. Þórður telur að það sé hlutverk þeirra svæðisráðsmanna sem sitja í stjórn að upplýsa svæðisráðsmenn um það þegar búið sé að samþykkja rekstraráætlun.

Undanfarin ár hafa verið gerðir samningar til eins sumars í senn við þrjá aðila á suðursvæði um upplýsingagjöf yfir sumartímann, en þeir ýmist eiga land innan þjóðgarðsins eða hafa verið í viðræðum við ráðuneytið um að setja land í þjóðgarðinn. Í samningum sem hafa verið gerðir við landeigendur sem hafa lagt land í þjóðgarðinn hefur verið kveðið á um samstarf um upplýsingagjöf og því er spurning hvort eignarland í þjóðgarðinum sé forsenda fyrir því að gera slíka samninga. Til að gæta samræmis innan alls þjóðgarðsins um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að sjá um upplýsingagjöf innan þjóðgarðsins þyrfti að móta stefnu varðandi þetta í atvinnustefnu þjóðgarðsins. Karl bendir á að niðurstaðan snúi auðvitað einnig að hagkvæmni og hvort ekki væri rétt að fara í hagkvæmniathugun á þessari þjónustu.

Sigurlaug kemur með ábendingu um að hvort ekki væri ástæða til að gera samninga við landeigendur innan þjóðgarðsins og í nágrenni hans, um að sinna ýmsum fleiri verkum svo sem eftirliti með svæðum, sorphirðu og salernisþrifum, frekar en vera að halda úti landvörðum til að sinna þeim. Hún bendir á að slíkt myndi skilja meira eftir í heimabyggð og væri einnig umhverfisvænna vegna minni aksturs t.d. Sigurlaug vill að það verði gerð úttekt á því hvort það væri ekki hagkvæmara að gera samninga við landeigendur um að sjá um tiltekna þjónustu heldur en senda landverði til þess. Hildur bendir á að landverðir sjái einnig um fræðslu og náttúrutúlkun sem þeir hafa fengið þjálfun í á landvarðanámsskeiðum og þeim hluta landvarðastarfsins þurfi landverðir að sinna.

Fundarmenn eru sammála um að gerðir verði samningar um upplýsingagjöf fyrir sumarið í sumar, við sömu aðila og hafa sinnt henni hingað til, ef áhugi þeirra er fyrir hendi, þó þeir eigi ekki allir land í þjóðgarðinum en það verði svo endurskoðað þegar atvinnustefna hefur litið dagsins ljós.

Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að ræða við landeigendur í Hólmi um afstöðu þeirra til áframhaldandi upplýsingagjafar.

Fundarmenn samþykkja rekstraráætlunina.

2. Framkvæmdaáætlun

Þórður kynsir framkvæmdaáætlun 2015, þar sem talin eru upp þau verkefni sem farið verður í á árinu. Ýmsar framkvæmdir eru í gangi milli ára eins og við veitingaaðstöðuna í Skaftafelli og göngustíginn að Svartafossi.

Regína lýsti framkvæmdum við göngustíg að Svartafossi sl. haust og sýndi myndir frá framkvæmdinni og framkvæmdum við veitingahluta upplýsingamiðstöðvarinnar. Þórður sýndi einnig myndir frá hönnun útsýnispalls við Svartafoss.

Reynir spurði hvernig staðan væri með viðbótarfjármagn til að ljúka við veitingaaðstöðuna þar sem aðeins fékkst helmingsfjármagn til framkvæmdarinnar í fyrra. Þórður sagði að það yrði tekið af því framkvæmdafé sem þjóðgarðinum er úthlutað, en ekki yrði farið í að færa eldhúsið fyrir sumarið.

Fundarmenn samþykkja framkvæmdaáætlun.

3. Önnur mál.

Ímynd þjóðgarðsins: Reynir spyr hvort svæðisráðsmenn hafi einhverja skoðun á því hvernig ímynd þjóðgarðsins eigi að vera. Hvað finnst svæðisráðsmönnum um ímynd þjóðgarðsins og hvernig vilja þeir sjá hana? Guðrún vill að við stöndum vörð um þjóðgarðinn, hann sé fjársjóður sem við þurfum að gæta. Hún vill trúa því að ímynd þjóðgarðsins sé jákvæð og við höldum áfram að byggja upp á þeim góða grunni sem fyrir hendi sé. Hildi finnst spurning hvort eigi að eyða miklum peningum í að búa til einhverja ímynd, frekar að halda áfram góðri vinnu. Sigurlaug telur að þetta sé tvíþent, annarsvegar ímynd okkar sem störfum við hann og svo hinsvegar þeirra sem horfa á þjóðgarðinn utanfrá. Þurfum að reyna að vera í sátt við nærumhverfið og vinna áfram með bestu vitund. Björn Ingi tekur undir að þetta sé risastórt hugtak, sem alltaf þurfi að vera að hugsa um.

Björn Ingi vísar af fundi kl. 17.

Náttúrupassi: Guðrún vill meina, að ef ekki sé hægt að sjá hvernig hugmyndin á að virka og hvernig eftirliti verði háttáð, sé útfærslan ekki nógu góð og hætt við að lítið verði úr ágóðanum. Reynir bendir á að stjórnin hafi ályktað um þetta. Karl telur að þetta geti ekki orðið að veruleika þar sem þetta stangist á við almannarétt og frumvarpið opni fyrir að allir geti selt aðgang að sínu landi. Sigurlaug telur ansi mikla annmarka á náttúrupassanum og telur réttara að setja þetta upp sem komugjöld. Þórður bendir á að öll þessi umræða komi auðvitað upp vegna þess að allir sem tengjast ferðamálum hrópi á meira fjármagn. Hildur bendir á að alveg sama hvað leið verði farin það verði það sama yfir alla að ganga, Íslendinga sem aðra.

Annað: Guðrún vill lýsa yfir sérstakri ánægu sinni með Gömlubúð, bæði starfseminu og nýtingu hússins.

Fundi slitið kl. 17:15.